

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 5. mars 2025

Mál nr. S-212/2024:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Jóhannes Már Sigurðarson lögmaður)

(Oddgeir Einarsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 10. janúar sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, með ákæru dagsettri 29. maí 2024, á hendur X, kt. [...], [...], [...],

„fyrir líkamsárás og stórfelldar ærumeiðingar gegn fyrirverandi maka, með því að hafa þriðjudaginn 1. ágúst 2023, fyrir utan [...] [...], ráðist að fyrirverandi sambýliskonu sinni A, kt. [...], og gripið í hægri upphandlegg hennar og aftan í háls hennar og ýtt henni til og frá í þeim tilgangi að koma brotaþola út af landareign sem hann taldi að væri í sinni eigu og brotaþoli hefði ekki heimild til að ganga um. Auk þess kallaði ákærði brotaþola, hóru, tussu djöfulsins belju, svertingja tussu og fleiri álíka nöfnum. Afleiðingar þessa fyrir brotaþola voru að hún hlaut mar á hálsi og skrapsár vinstra megin á hálsi um það bil 2 sentimetrar, þreifieymsli yfir háls hryggjartindum og niður herðar, mar á innanverðum upphandlegg hægra megin og skerta hreyfigetu yfir hægra axlarsvæði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

- Í ákæru er tekin upp einkaréttarkrafa brotaþola, A, á hendur ákærða. Hún krefst 1.500.000 króna bóta, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. ágúst 2023, þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar. Fyrir dómi var krafist þóknunar til handa réttargæslumanni.
- Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin. Hann krefst sýknu af einkaréttarkröfum. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda ákærða og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir

- 4 Ákærði og brotþoli voru í sambandi frá því í lok árs 2016 eða byrjun árs 2017 en hættu saman árið 2020. Þann 1. ágúst 2023 fór brotþoli til ákærða þar sem hann var í sumarhúsi sínu og er ágreiningslaust að þau hafi farið að rífast. Brotþoli kveður ákærða síðan hafa veist að sér og tilkynnti lögreglu um það. Tveir lögreglumenn fóru af stað á vettvang en brotþoli beið þeirra á [...]vegi við afleggjarann að [...] ásamt B og D. Brotþoli lýsti atvikum og myndir voru teknar af áverkum hennar. B og D voru einnig spurðar um málið. Því næst var farið að [...] þar sem framburður ákærða var tekinn og hendur hans myndaðar. Vitnin B og D gáfu skýrslur á lögreglustöð síðar sama dag.
- 5 Brotþoli fór á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri sama dag og liggur fyrir vottorð E lækni þar um, dags. 18. ágúst 2023. Kemur fram að hún hafi lýst því að fyrrverandi eiginmaður hennar hafi ráðist á hana. Þau hafi farið að rífast og hann beðið hana að yfirgefa landareign sína en hún neitað því. Hann hafi þá gripið í hægri upphandlegg hennar og háls og hent henni til og frá. Hún hafi einkum kvartað undan verkjum yfir háls og axlar- og upphandleggssvæði hægra megin. Hún hafi verið með maráverka vinstra megin á hálsi og væg þreifieymsli yfir hálsi, sjáanlegt mar á innanverðum upphandlegg hægra megin og skerta hreyfigetu og þreifieymsli yfir axlarsvæði hægra megin. Um hafi verið að ræða tognunar-, mar- og yfirborðsáverka sem hafi ekki þarfnast frekari rannsókna. Áverkar hafi verið myndaðir og hún síðan útskrifuð.
- 6 Ákærði leitaði á lögreglustöð 2. ágúst 2023 til að sýna lögreglumanni mar á vinstri rist sem hann hefði hlotið í átökunum. Sama dag fór hann á síðdegisvakt heilsugæslu og liggur fyrir vottorð F lækni frá 10. ágúst 2023 þar sem vísað er til nótu vakthafandi lækni. Þar segir að ákærði hafi fengið áverka á vinstri fót um kl. 15 daginn áður á heimili sínu. Hann hafi lýst því að vera að vísa konu þaðan út og hafi haldið í handlegg hennar þegar hún hafi skyndilega streist á móti. Við það hafi komið óvæntur hnykkur á hann þannig að hann hafi stigið vitlaust niður og bögglað vinstri fótinn undir sig. Hann hafi átt erfitt með að stíga í fótinn þann dag en orðinn betri við komu. Um skoðun segir að ákærði hafi verið með roða og smá mar ofan á rist, „dilstalt yfir metatarsus IV við megin“, sé hvellaumur þar við þreifingu en ekki haltur.
- 7 Þá liggur fyrir vottorð G sálfræðings, ódagsett. Meðal annars kemur þar fram að brotþoli hafi leitað til hennar vegna afleiðinga líkamsárásar af hendi fyrrum maka. Þær hafi verið búnar að hittast í tvígang þegar vottorðið var ritað, 22. og 28. október 2024. Í fyrra viðtali hafi brotþoli átt erfitt með að skýra frá atvikinu þar sem hún hafi komist í mikið uppnám og grátið þegar minnst hafi verið á manninn eða hún spurð um atvikið. Hún hafi þó getað lýst aðdraganda og afleiðingum og komið fram mörg einkenni áfallastreituröskunar. Næst hafi hún fengið lengri tíma og þá einnig sýnt fram augljós merki vanlíðanar og uppnáms þegar rætt var um atvikið eða fyrrum maka hennar. Samkvæmt niðurstöðum matslista og greiningarviðtals fyrir áfallastreituröskun uppfylli brotþoli greiningarviðmið fyrir áfallastreituröskun. Einkennin séu hamlandi. Hún sé stöðugt á verði, forðist staði þar sem hún geti vænst þess að hitta manninn óvænt og sé hrædd við hann. Einnig hafi komið fram einkenni þunglyndis, kvíða og streitu.

Framburðir ákærða og vitna

- 8 Ákærði kvað þau brotþola hafa þekkt áður fyrr, hún hafi verið heimalingur á hans heimili. Þau hafi hist mörgum árum síðar og verið saman frá 2016 eða 2017 til 2020, þau hafi ekki verið skráð í sambúð en hún búíð hjá honum. Þau hafi haldið sambandi áfram og hann meðal annars aðstoðað hana við að gera upp íbúð, hann hafi gert allt fyrir hana. Þau hafi átt saman stóra hestakerru sem þau hafi greint á um, hún sé líkast til um 1.600.000 króna virði. Brotþoli stundi hestamennsku en ekki hann en kerran sé til ýmissa hluta nýtsöm. Í fyrstu hafi hann viljað selja hana en ekki hún, síðan hafi hún viljað það en hann þá neitað því, það verði að ganga sama yfir þau bæði. Hann sé með kerruna núna en hún haft hana mun meira. Honum hafi borist hótanir vegna þess frá brotþola og kærasta hennar, ótal hringingar þar sem honum hafi meðal annars verið hótad lífláti. Þau hafi einnig hringt í vinnuveitanda hans og sagt hann vera þjóf og barnaperra. Þá hafi þau hringt í systkini hans. Þau séu búin að rústa lífi hans.
- 9 Ákærði kvaðst hafa verið í bústað sínum þennan dag og brotþoli komið þangað í fylgd tveggja vinkvenna þótt hann hafi verið búinn að biðja hana um að koma ekki. Lóðin sé ekki girt en brotþoli þekki lóðarmörkin. Hún hafi komið inn á lóðina og öskrað á hann að skila kerrunni og einhverju fleiru. Hann hafi tjáð henni að hún hefði ekki leyfi til þess að vera þarna en hún neitað að fara og sagst mega vera þarna. Hann hafi einu sinni eða tvisvar farið inn í bústaðinn og hún þá staðið öskrandi fyrir utan. Hann hafi að endingu tekið laust í framhandleggi hennar og sveigt annan aftur fyrir bak hennar til að vísa henni burt en hún rykkt í og látið sig detta aftur á bak. Hún kunni að hafa meitt sig við það. Hún hafi staðið upp, hann haldið í hana og leitt hana út af lóðinni. Lögreglan hafi komið mjög fljótt og hann verið bálreiður, hann hafi nötrað af reiði. Aðspurður um áverka brotþola kvað ákærði þá ekki geta verið af hans völdum, þetta sé til þess gert að hafa af honum fé. Annað hvort hafi hún verið með áverkana þegar hún kom, meitt sig þegar hún lét sig detta eða búíð þá til sjálf. Aðspurður um hvort hann hafi sagt þau orð sem lýst er í ákæru kvaðst ákærði ekki muna orðrétt hvað hann sagði við brotþola. Hann kvaðst ekki muna hvort hún hafi sagt eitthvað ljótt en hún hafi rifist á móti. Hún hafi margoft notað hræðileg orð um föður hans. Ákærði kvaðst aldrei hafa lagt hendur á brotþola og kvaðst síðan ekki muna til þess. Hún hafi hins vegar oft lagt hendur á hann og hann meðal annars einu sinni vaknað við að vera kýldur. Hún hafi verið frek og skapstór og hann verið þolandi í kúgunarsambandi. Ákærði kvaðst hafa misstigið sig þegar brotþoli lét sig detta en ekki fundið fyrir því í fyrstu. Hann hafi síðan ekkert sofið um nóttina fyrir verkjum og farið til læknis en daginn eftir.
- 10 Brotþoli, vitnið A, kvað þau ákærða fyrst hafa verið saman í um ár þegar hún var 14 ára og hann 24 ára. Þau hafi kynnst að nýju 2016 og verið í stormasömu sambandi til 2020. Til hafi staðið að selja hestakerru sem þau áttu saman og þau verið komin með kaupanda, virði hennar sé á að gíska 1.500.000 krónur. Brotþoli hafi verið með kerruna en ákærði tekið hana um tveimur vikum fyrir þau atvik er málið tekur til. Í kerrunni hafi einnig verið munir í hennar eigu. Ákærði hafi lokað á hana alls staðar og því hafi hún ákveðið að fara og tala við hann og fengið kunningjakonur sínar með. Hún hafi farið inn um hlið, kallað á ákærða og spurt um kerruna og beðið um að fá muni úr henni. Hann hafi neitað

að hafa tekið kerruna en þó látið hana hafa kassa úr henni, þó ekki allt sem hún átti þar. Þau hafi farið að rífast og hann meðal annars kallað hana svertingjahóru, djöfulsins belju, helvítis tussu og öryrkjaaumingja. Hún hafi kallað hann aumingja. Sími hennar hafi hringt og hún svarað og náð að segja „halló“ en þá hafi ákærði rífið í hana og hrist hana til. Hann hafi rífið í hendi hennar, snúið upp á handlegg hennar, steytt hnefann, tekið um háls hennar og dregið hana í átt að hliðinu. Við þetta hafi hún fengið áverka á hægri upphandlegg og verið illt upp í öxl, háls og aftan í herðablað. Þá hafi hún fengið skrámu á háls. Aðspurð kannaðist brotali við að hafa sagt: „já, kýldu mig, ég mun kæra þig fyrir líkamsárás“, hún hafi sagt það þegar hann steytti hnefann framan í hana, hún hafi verið óttaslegin. Hún kannaðist ekki við neinar hótanir í garð ákærða og kvaðst hvorki hafa hringt í né hitt fjölskyldu hans eftir að þau hættu saman. Hún kvaðst vita til þess að kærasti hennar hafi birt einhverjar færslur á Facebook varðandi kerruna.

- 11 Brotali kvaðst hafa verið í rúma tvo mánuði að jafna sig líkamlega eftir þetta. Þá sé hún „í rúst andlega“ eftir þetta. Hún hafi í fyrstu ekki farið úr húsi, hún upplifi mikinn kvíða og verði mjög stressuð þegar lögfræðingur hennar hafi samband. Þá óttist hún að rekast á ákærða á götu. Brotali kvaðst engum hafa hótað. Aðspurð kvaðst brotali aldrei hafa lagt hendur á ákærða. Nánar aðspurð um tiltekið atvik kvaðst hún í eitt skipti hafa vaknað við að ákærði var með aðra konu í fanginu við hlið hennar. Vera kunni að hún hafi þá gefið honum einn kinnhest. Hann hafi þá kýlt hana og sagt: „Þetta var sjálfsvörn hórán þín“. Brotali kvað ákærða hafa beitt sig andlegu ofbeldi og hún sótt þjónustu hjá Aflinu vegna hans.
- 12 Vitnið B kvað þær brotali vera vinkonur en lítið verið í sambandi síðan brotali flutti suður. Hún kvaðst hafa farið þarna með brotali sem hugðist fá muni sem hún ætti í hestakerruni. Hún hafi verið aðeins á eftir brotali og ekki heyrt allt sem fram fór. Hún hafi þó heyrt að brotali hafi kallað á ákærða. Í fyrstu hafi hann ekki svarað en síðan sagt henni að fara af landinu og að hann væri ekki með munina en síðan að endingu afhent henni kassa. Þau hafi gengið upp ramp í átt að bústaðnum, ákærði sest og þau verið að rökræða eða rífast. Sími brotali hafa hringt og hún tekið hann upp. Ákærði hafi þá veist að henni, tekið fast um háls hennar eða í hnakkadrumb með annarri hendi og upphandlegg hennar með hinni og tuskað hana til. Brotali hafi þá snúið baki í ákærða og virst þurfa að einbeita sér við að halda jafnvægi. Hún hafi meitt sig og gefið það til kynna, hún hafi oftast en einu sinni sagt „ái, slepptu, þú meiðir mig“. Vitnið kvað ákærða hafi meðal annars kallað brotali negrahóru, svertingjahóru og tussu og sagt að foreldrar hennar væru aumingjar. Brotali hafi sagt við ákærða að hann væri aumingi. Brotali hafi verið í sjokki eftir þetta.
- 13 Vitnið D, vinkona brotali, kvaðst hafa farið með brotali að spyrja ákærða um kerruna, hún hafi farið með henni til stuðnings. Brotali hafi reynt að ræða við ákærða en hann strax orðið reiður. Ákærði hafi sagt vitninu að grjóthalda kjafti þegar hún spurði hann af hverju hann væri að ljúga um kerruna. Þá hafi hann kallað brotali tussu, hóru og aumingja og hún kallað hann aumingja. Verið geti að einhver orðin hafi tengst litarhafti hennar. Þetta hafi endað með því að ákærði hafi tekið ofarlega í handlegg hendi brotali og hnakka hennar til að koma henni út af lóðinni. Vitnið minni að hann hafi

hrist hana. Brotapoli hafi kveinkað sér og sagt að þetta væri vont. Vitnið kvað brotþola hafa verið í sjokki á eftir, titrað og liðið illa. Vitnið hafi ekki séð áverka á henni strax en séð þá eftir á, sama dag eða nokkrum dögum síðar.

- 14 Vitnið H kvaðst leigja herbergi hjá brotþola. Þennan dag hafi hann hringt í brotþola. Hún hafi svarað og haldið á símanum en þau ekki getað talað saman. Hann hafi heyrt það sem fram fór. Það hafi verið öskur og læti og ákærði verið orðljótur. Hann hafi verið að reka brotþola burt og það ágerst. Hann hafi sagt henni að drulla sér í burtu og kallað hana svarta hóru og helvítis ógeð. Hann hafi ítrekað heyrt hana segja „slepptu mér“.
- 15 Vitnið I, mágur ákærða, kvað kærasta brotþola hafa hringt í tvígang og haft uppi hótanir í garð hans og fjölskyldu hans. Það hafi verið fyrir meira en tveimur árum síðan. Maðurinn hafi viljað meina að vitnið hefði kerruna og talaði um að berja eða skjóta hans fólk.
- 16 Vitnið J, kærasti brotþola, kvaðst hafa verið í samskiptum við ákærða vegna kerru sem hafi staðið til að selja en ákærði tekið. Hann hafi einnig einu sinni hringt í systur hans og þá talað við mann hennar, vitnið I. Hann hafi engu hótad og ekki vilja tjá sig frekar um ásakanir ákærða á hendur honum. Hann hafi síðan hringt í ákærða eftir það atvik sem málið lýtur að og þá sagt: „það er eins gott að kerran sé ekki í geymslu hjá ykkur“. Hann kvaðst einnig hafa beðið skólafélaga sinn að hringja í ákærða en ákærði ekki svarað honum. Brotþoli hafi ekkert vitað um þessi samskipti. Vitnið kvað miklar breytingar hafa orðið á brotþola í kjölfar þeirra atvika sem málið lýtur að, hún sé hrædd við ákærða og hafi átt erfitt með svefn.
- 17 Vitnið lögreglumaður nr. K kvaðst hafa farið á vettvang og hitt brotþola við afleggjara á [...]. Skýrsla hafi verið tekin af henni þar. Hún hafi verið í uppnámi, með roða á hálsi og smá ákomu á upphandlegg. Vitnið hafi síðan farið að húsi ákærða og tekið af honum skýrslu og myndir. Hann hafi verið nokkuð rólegur og ekki minnst á það fyrr en síðar, að hafa hlotið áverka.
- 18 Vitnið G sálfræðingur kvaðst hafa ritað vottorð sitt milli 28. október og 7. nóvember 2024. Hún kvað brotþola uppfylla skilmerki áfallastreituröskunar, hún sé óörugg og bregði auðveldlega, forðist að fara norður því hún óttist að rekast á ákærða. Hún endurupplifi atvikin og þá komi vanlíðan og sé stöðugt á verði. Aðspurt kvaðst vitnið ekki efast um trúverðugleika brotþola, hún sé samkvæm sjálfri sér og þá taki vitnið eftir líkamlegum viðbrögðum hennar.
- 19 Vitnið E sérfræðingur í bráðalækningum kvað unglækni hafa tekið á móti brotþola en hann hafi hitt hana áður en hún fór. Hann hafi farið yfir fyrirliggjandi myndir og staðfesti vottorð sitt. Hann kvaðst engu getað svarað um tilurð áverka brotþola.

Niðurstaða

- 20 Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sömu laga metur dómari hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun

viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi. Þá metur dómari það enn fremur ef þörf krefur hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

- 21 Ákærða er gefin að sök líkamsárás sem er lýst þannig að hann hafi gripið í hægri upphandlegg brotþola og aftan í háls hennar og ýtt henni til og frá í þeim tilgangi að koma henni út af landareign sinni. Af þessu hafi hún hlotið mar á hálsi og um 2 cm skrapsár vinstra megin á hálsi, þreifieymsli yfir háls hryggjartindum og niður herðar, mar á innanverðum upphandlegg hægra megin og skerta hreyfigetu yfir hægra axlarsvæði.
- 22 Ákærði neitar sök en í raun ber þó ekki ýkja mikið á milli í frásögnum hans og brotþola. Ákærði kannast við að hafa tekið í báða handleggi brotþola og sett annan þeirra aftur fyrir bak hennar til þess að vísa henni út af lóðinni. Hann kvaðst þó aðeins hafa tekið laust í hana og hún geti ekki hafa hlotið áverka af þessu, nema þá mögulega þegar hún hafi rykkt í og látið sig detta. Brotþoli lýsir þessu þannig að ákærði hafi rifið í hendi hennar, snúið upp á handlegg hennar, tekið um háls hennar og dregið hana í átt að hliðinu. Við þetta hafi hún fengið þá áverka sem lýst er í ákæru. Þannig er ekki ágreiningur um að ákærði hafi tekið í brotþola til að vísa henni út heldur hversu harkalegur ákærði var.
- 23 Að áliti dómsins var brotþoli trúverðug og einlæg í framburði sínum. Framburður hennar er studdur framburði vitnanna B og D fyrir dómi, á vettvangi og við skýrslutöku á lögreglustöð og framburði H fyrir dómi. Framburður hennar fær einnig stoð í fyrirliggjandi áverkavottorði og vottorði sálfræðings. Samkvæmt framangreindu verður talið sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi gengið harðar fram gagnvart brotþola en hann gengst við. Verður ekki fallist á að neitt sé fram komið um að atvik hafi verið slík að um neyðarvörn í skilningi 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hafi verið að ræða. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá líkamsárás sem lýst er í ákæru og varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 24 Ákærði eru einnig gefnar að sök stórfelldar ærumeiðingar með því að hafa kallað brotþola hóru, tussu, djöfulsins belju, svertingja tussu og fleiri álíka nöfnum. Ákærði kvaðst ekki muna orðrétt hvað hann sagði við brotþola. Brotþoli og vitnin B, D og H lýstu því öll að ákærði hafi látið sömu og/eða svipuð orð falla og greinir í ákæru. Vitnin B og D nefndu það einnig þegar á vettvangi. Verður talið sannað að ákærði hafi með orðum sínum gerst sekur um stórfelldar ærumeiðingar í garð brotþola, sem varða við 233. gr. b almennra hegningarlaga.
- 25 Ákærði hefur hreinan sakaferil. Hann hefur borið því við að hafa verið í miklu ójafnvægi vegna hótana af hendi brotþola og annarra á hennar vegum. Ekki er fram komið að brotþoli hafi haft uppi hótanir í garð ákærða þótt hann hafi orðið fyrir einhverju áreiti vegna ágreinings um eigur þeirra í kjölfar sambúðarslita. Þá verður ekki talið að atvik hafi verið með þeim hætti að ákvæði 3. mgr. 218. gr. c almennra hegningarlaga eigi við. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið, eins og nánar greinir í dómsorði.

- 26 Ákærði hefur bakað sé bótaskyldu með háttsemi sinni. Með tilliti til atvika allra þykja bætur hæfilega ákveðnar 400.000 krónur með vöxtum sem greinir í dómsorði.
- 27 Að kröfu ákæruvalds og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar en samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti er útlagður kostnaður lögreglu 55.792 krónur. Þá greiði ákærði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola. Með tilliti til eðlis og umfangs málsins þykja málsvarnarlaun hæfilega ákveðin 1.339.200 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Réttargæslumaður brotaþola gætti hagsmuna hennar á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Með tilliti til þess, eðlis og umfangs málsins, og að teknu tilliti til ferðatíma lögmansins þykir þóknun hans hæfilega ákveðin 1.004.400 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Lögmaður brotaþola greiddi reikning sálfræðings fyrir brotaþola, m.a. fyrir viðtöl. Sá kostnaður getur ekki talist til sakarkostnaðar nema að því leyti er var vegna gerðar vottorðs í málinu, 56.400 krónur. Ákærði greiði einnig ferðarkostnað réttargæslumanns. Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. ágúst 2023 til 30. september 2024 en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2.501.299 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Más Sigurðarsonar lögmans, 1.339.200 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Oddgeirs Einarssonar lögmans, 1.004.400 krónur, 45.507 króna ferðakostnað hans og 56.400 krónur vegna útlagðs kostnaðar.